

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir

Jesús læknar blindan mann



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson


Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2008 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Blindur maður sem hét Bartímeus, sat við veginn nálægt Jeríkó. Líklegt er að góðhjartað fólk sem var gengið framhjá, hafi gefið honum matarbita eða kannski smápening því hann var fátækur betlari.



Dag nokkurn var mikil umferð, og heyrði Bartímeus er hópur fólks gekk framhjá. Eitthvað óvenjulegt var að ske og fyrr en varði skildist blinda manningum hvað það var.



Jesús frá Nasaret var kominn í bæinn. Hópur fólks safnaðist saman til að sjá hann og heyra.



"Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér!" Hví skyldi Bartímeus hafa hrópað? Af hverju hélt hann að Jesús gæti hjálpað honum? Kannski að hann hafi heyrt að Jesús hafði læknað aðra. Suma heyrnarlausá, suma mállausá, suma örkuðla - og suma blinda eins og hann. "Sonur Davíðs, miskunna þú mér." Hrópaði Bartímeus aftur og aftur með von í röddinni.





Eitt var það sem Bartímeus var viss um. Ef hann ekki fengi hjálp núna, gæti þetta verið hans síðasta tækifæri. Kannski mundi Jesús aldrei koma þessa leið aftur.





Hann varð að ná sambandi við Jesú. En fólk ið var í veginum. Margir höstuðu á hann og sögðu honum að þegja.






En Bartímeus hlustaði ekki, heldur hélt hann áfram að hrópa. Skyndilega nam Jesús staðar og lét kalla á hann. "Vertu hughraustur," sagði fólkið. Stattu upp, hann er að kalla á þig."



Bartímeus reis upp, kastaði af sér yfirhöfn sinni, og kom til Jesú.



"Hvað viltu að ég geri fyrir þig?"
spurði Jesús. Hverju mundir þú hafa
svarað? Mundir þú kannski hafa beðið
um peninga, eða ný föt?





Nei, Bartímeus blindi vissi hvað
hann vildi, og hann var ekki í
neinum vafa um hvað
það var.



“Drottinn, að ég fái aftur sjón mína.” Bartímeus
þráði að geta séð aftur trén, og fuglana, og alla hina
dásamlegu fegurð sköpunar Guðs. Hann vildi geta
séð aftur svo hann ekki þyrfti að betla lengur.



Þá sagði Jesús við hann, "Far þú heill, trú þín hefur frelsað þig."



Jafnskjótt fékk hann sjónina, og fylgdi Jesú. "Jesús er undursamlegur! Hann hefur læknað mig!" sagði Bartímeus.



Þegar fólk íð sá hvað
skeið hafði, lofsöng
það Jesú. Fólk íð
hafði orðið vitni, einu
sinn enn, að hinum
undursamlega krafti
Jesú, er hann gaf
blindum betlara sjón.



Jesús læknar blindan mann

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Markúsi 10, Lúkasi 18, Jóhannesi 9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

